

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Garðabær, 19. september 2025
202509-0109/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020 – 2036 - Stækkun samfélagsþjónustusvæðis S4

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Sveitarfélaginu Ölfuss er barst 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss vegna stækkunar á samfélagsþjónustusvæðis S4.

Í greinargerð kemur fram að S4 svæðið kemur til með að stækka úr einum hektara í rúma tvö hektara og minnkar opið svæði og hverfisverndarsvæði sem því nemur.

Á skipulagssvæðinu er nútímahraun, en ólíklegt að það sé sjáanlegt á yfirborði.

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Því ættu ofangreind lög og reglugerðir að vera viðmið í umhverfismati.

Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun vill benda á að innan skipulagssvæðisins er svæði á náttúruminjaskrá sem nefnist Hafnarnes við Þorlákshöfn og er númer 757 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: *Útivistarsvæði í grennd við þéttbýli.*¹

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um svæðið í tillögunni og það komi fram hver áhrif tillögunnar sé á það. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan og framkvæmdir raski ekki verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

sérfræðingur